



Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 4. janúar 2006  
2005120102/91/SG/gh

**Efni: Frumvarp um greiðslur til foreldra langveikra barna eða alvarlegra fatlaðra barna.**

Ljóst er af ákvæðum frumvarpsins að miðað verður við möguleika á greiðslum til foreldris í 3 mánuði vegna alvarlegra langvinnra veikinda eða fötlunar barns og framlengingarmöguleika á greiðslum í allt að níu mánuði þegar sérstakar aðstæður eru til staðar. Greiðslur tengjast þátttöku foreldra á vinnumarkaði og koma þær til viðbótar við önnur réttindi sem þegar eru til staðar í íslensku samfélagi.

Frumvarpið um greiðslur til foreldra í tengslum við langvinn og alvarleg veikindi eða fötlun barna gefur von um réttarbót, sem lengi hefur verið beðið eftir. Fagna ber ákvæðum um jafnan rétt námsmanna, að gætt sé samræmis við lög um fæðingar- og foreldraorlof og að hlutfallslega megi lengja þessa aðstoð ef hún er ekki nýtt til, t.d. vegna þess að foreldri leggur niður vinnu að hluta og vísar þessi ráðstöfun til nauðsynlegs sveigjanleika í aðstoð þessari.

**Nokkrar áhyggjur vekja eftirfarandi atriði:**

- lögin munu ekki taka gildi í heild fyrr en eftir þrjú ár og skapast þannig mismunandi réttarstaða í annars sambærilegum tilvikum langveikra eða fatlaðra barna. Þannig getur skipt máli hvort barn veikist t.d. í desember 2007 eða janúar 2008, svo dæmi sé nefnt.
- hætta er á því að orðalag laganna, varðandi skilyrði um að greining á langvinnnum sjúkdómi eða fötlun fari fram eftir gildistöku laganna, og túlkun þessa orðalags, kunní að geta valdið mismunun í sambærilegum tilvikum. Sem dæmi má t.d. nefna jafnaldra börn með meðfæddan sjúkdóm eða fötlun, sem greinist á mismunandi tíma í lífi barnanna. Réttarstaða foreldra verður mismunandi þrátt fyrir sambærilegar aðstæður að öllu öðru leyti en því á hvaða tíma greining fékkst á sjúkdómi eða fötlun barnsins.

Hin nýju lög munu gefa foreldrum meiri möguleika á að bregðast við veikindum eða fötlun barns og auka þannig velferð fjölskyldna, sem glíma við alvarlega erfiðleika og veikindi barna.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson  
landlæknir